

REGLUR UM ÚTHLUTUN FÉLAGSLEGRA LEIGUÍBÚÐA HJÁ SUÐURNESJABAÐE

I. kafli Almenn ákvæði

1. gr.

Félagslegt leiguþúsnæði

Markmið með úthlutun leiguíbúða er að sjá til þess að veita þeim fjölskyldum og einstaklingum, sem ekki eru færir um það sjálfir, úrlausn í húsnæðismálum til að leysa úr bráðum vanda á meðan unnið er að varanlegri lausn. sbr. 46. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Reglur þessar gilda um leigurétt og úthlutun á félagslegum íbúðum í eigu Sandgerðisbæjar, Garðs og Voga, bæði almennum félagslegum leiguíbúðum og leiguíbúðum sem sérstaklega eru skilgreindar fyrir aldraða.

Réttur til að komast á biðlista eftir félagslegu húsnæði, fá úthlutað leiguþúsnæði og til áframhaldandi leiguréttar er bundinn skilyrðum um tekju- og eignamörk umsækjanda og félagslegra aðstæður. Félagslegar aðstæður umsækjenda, sem uppfylla skilyrði um tekjur-eignamörk, skulu metnar sérstaklega samkvæmt matsreglum í viðauka við þessar reglur.

2. gr

Ráðgjöf

Starfmenn félagsþjónustu Sandgerðisbæjar, Garðs og Voga skulu, eftir því sem kostur er, veita íbúum ofangreindra sveitarfélaga ráðgjöf í húsnæðismálum.

3.gr.

Umsóknarréttur

Umsóknarréttur er bundinn eftirfarandi skilyrðum:

- Umsækjandi þarf að eiga lögheimili í því sveitarfélagi sem sótt er um þegar umsókn er tekin til afgreiðslu. Auk þess þann tíma sem leigusamningur varir.
- Umsækjandi skal vera 18 ára þegar sótt er um almenna leiguíbúð
- Umsækjandi eigi ekki í bæjarfélagini né annars staðar, þegar umsókn er lögð inn, fasteign sem jafna má til íbúðarhúsnæðis.
- Umsækjandi sé ekki leigutaki í kaupleiguíbúð eða hverri þeirri leiguíbúð annarri sem félagasamtök s.s. Öryrkjabandalag Íslands, önnur sveitarfélög eða opinberir aðilar eiga.
- Tekju og eignir umsækjanda fari ekki yfir tekju- og eignamörk sem ráðuneytið gefur út til viðmiðunar árlega. Fjárhæðir eru uppreiknaðar á ári hverju og taka mið af 37. gr. laga um húsnæðismál nr. 44/1998.

Með tekjum er átt við allar tekjur skv. II. kafla laga um tekjuskatt samkvæmt skattframtali síðasta árs, staðfestu af ríkisskattstjóra, að teknu tilliti til frádráttar skv. 1., 3., 4. og 5. tölul. A-liðar 1. mgr. og 2. mgr. 30. gr. og frádráttar skv. 31. gr. sömu laga.“



SUDURNESJABÆR

Tekjumörk eru miðuð við meðaltal tekna sl. 3 ár. Heimilt er að taka tillit til skuldarstöðu/greiðslubyrði umsækjanda. Litið er til framangreindra marka þegar umsókn berst, allt það tímabil sem líður fram að úthlutun húsnæðis og einu sinni á ári þann tíma sem leigusamningur varir.

- Umsækjandi hafi greiðslugetu til þess að standa undir greiðslu húsnæðiskostnaðar af þeirri íbúð sem til úthlutunar er. Leigukostnaður er innheimtur í gegnum beingreiðslu eða greiðslubjónustu í banka umsækjanda.
- Umsóknarréttur í íbúð sem ætluð er til útleigu fyrir aldraða er auk þess bundin því skilyrði að umsækjandi sé orðinn 60 ára.

4. gr.

Undanþáguheimildir

Heimilt er að víkja frá ákvæðum 3. gr. hafi umsækjandi búið í einu þessara sveitarfélaga stóran hluta ævi sinnar en flutt tímabundið úr sveitarfélagini vegna húsnæðisvanda, náms eða vinnu.

Við sérstaklega erfiðar aðstæður getur umsækjandi sótt um undanþágu frá skilyrðum fyrri umsóknar (sbr. gr. 3) til félagsmálanefndar Sandgerðisbæjar, Garðs og Voga eftir því sem við á. Skriflegur rökstuðningur skal fylgja með umsókninni.

II. kafli.

Umsókn, skráning og mat.

5. gr.

Afgreiðsla umsókna

Sækja skal skriflega um félagslega leiguíbúð til félagsþjónustu Sandgerðisbæjar, Garðs og Voga á þar til gerðu umsóknareyðublaði. Umsókn telst ekki gild fyrr en öll göng sem óskað er eftir hafa borist. Heimilt er að óska eftir frekari gögnum en tilgreind eru á umsókn. Umsækjandi getur gefið starfsmönnum félagsþjónustunnar heimild til að afla upplýsinga um tekjur, eignir og skuldir hjá viðeignandi stofnunum.

Félagsmálanefndin afgreiðir umsóknir um félagslegar leiguíbúðir skv. Úthlutunarreglum og reglum um stigagjöf. Félagsmálanefndin sendir síðan umsækjanda skriflegt svar, þar sem fram kemur hvort hann eigi gilda umsókn og sé kominn á biðlista. Honum er jafnframt gerð skriflega grein fyrir nauðsyn endurnýjunar umsóknar innan 12 mánaða. Fullnægi umsókn ekki skilyrðum til úthlutunar skal umsækjanda gefið rökstutt svar þar að lútandi.

Við úthlutun á félagslegu leigu húsnæði er það húsnæðis-, skipulags- og byggingaráð sem samþykkir umsóknir að gefnu álti félagsmálanefndar. Umsækjandi skal tilkynna innan 7 daga frá því að honum berst tilkynning um úthlutun, hvort hann hyggist taka húsnæðið á leigu ella fellur úthlutun úr gildi.

Ákvörðun húsnæðis-, skipulags- og byggingaráðs er hægt að skjóta til bæjarráðs viðkomandi sveitarfélags. Skal það gert innan fjögurra vikna frá því viðkomanda barst vitneskja um ákvörðun.

6. gr.

Upplýsingar með umsókn

Með umsókn um félagslega leiguíbúð þurfa að fylgja eftirtalin gögn:



SUDURNESJABÆR

- Staðfest afrit af 3 síðustu skattframtölum, svo sjá megi meðaltekjur og heildareignir að frádregnum skuldum.
 - Launaseðlar umsækjenda og þeirra sem með þeim búa fyrir sex síðustu mánuði eða staðfestingu á reiknuðu endurgjaldi.
 - Síðasti greiðsluseðill allra lána, jafnframt yfirlit yfir raðgreiðslur og yfirdrátt.
 - Staðfesting á atvinnuleysi, veikindum og /eða örorkumati ef um er að ræða.
- Umsókn er ekki tekin til afgreiðslu nema öll tiltekin gögn fylgi.**

7. gr.

Endurnýjun umsóknar

Til að viðhalda gildi umsóknar þarf umsækjandi að endurnýja umsókn innan 12 mánaða frá umsóknardegi og síðan á 12 mánaða fresti frá þeim degi.

8. gr.

Forgangsröðun umsókna

Umsóknir raðast út frá greiningu þar sem eftirfarandi þættir eru m.a. hafðir til viðmiðunar. Núverandi húsnæðisaðstæður, heilsufar, og vinnugeta fjölskyldunnar, atvinnustaða, félagslegar aðstæður, fjölskyldustærð og framfærslubyrði, tekjur, eignarstað sem og búsetulengd í sveitarféluginu.

9. gr.

Réttindi og skyldur leigutaka og leigusala

Áður en afhending húsnæðis fer fram skal húsnæðis-, skipulags- og byggingarráð láta gera úttekt á ástandi húsnæðis, hið sama skal gert við flutning leigutaka úr húsnæðinu. Vilji leigutaki bera upp kvörtun vegna bilunar eða annars sem betur mætti fara í íbúðinni skal Hússjóður greiðast af leigutaka.

10. gr.

Endurskoðun leigusamnings

Á leigutímanum mun félagsþjónustan á 12 mánaða fresti gera athugun á því hvort leigutaki fullnægi skilyrðum 3. gr. um tekju- og eignaviðmið og skilyrði um lögheimili.

Réttur húsnæðis-, skipulags- og byggingarráðs til uppsagnar leigusamnings er bundinn við þau tilvik þegar leigutaki hefur brotið gegn ákvæðum leigusamnings eða ákvæðum húsaleigulaga nr. 36/1994 að öðru leiti

11. gr.

Sérákvæði

Reglur þessar gilda jafnt um umsóknir á skriflegu og rafrænu formi.

Reglur þessar voru samþykktar af húsnæðis-, skipulags- og byggingarráði þann 18. maí 2005 í samræmi við 47. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.



SUÐURNESJABÆR

Endurskoðað með tilliti til sameiginlegrar félagsmálanefndar Sandgerðisbæjar, Garðs og Voga júní 2007.

Uppreknuð viðmið sbr. reglugerð nr. 1042/2013 (breyting nr. 147/2015)

Uppreknuð viðmið samkvæmt tekju- og eignamörk sem ráðuneytið gefur út til viðmiðunar árlega. Fjárhæðir eru uppreiknaðar á ári hverju og taka mið af 37. gr. laga um húsnæðismál nr. 44/1998 (desember 2021)

**REGLUGERÐ
um ráðstöfun leiguíbúða skv. 37. gr. laga um húsnæðismál,
nr. 44/1998, með síðari breytingum.**

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um ráðstöfun leiguíbúða sem veitt var lán til fyrir 10. júní 2016 á grundvelli þágildandi 1. mgr. 37. gr. laga um húsnæðismál, nr. 44/1998, með síðari breytingum, og eingöngu eru ætlaðar tilgreindum hópi leigjenda sem eru undir tekju- og eignamörkum skv. 1. og 2. mgr. 37. gr. laganna.

2. gr.

Árstekjur leigjenda.

Árstekjur leigjanda samkvæmt reglugerð þessari skulu ekki nema hærri fjárhæð en 5.731.000 kr. fyrir hvern einstakling en 8.025.000 kr. fyrir hjón og sambúðarfólk. Við þá fjárhæð bætast 1.433.000 kr. fyrir hvert barn eða ungmenni að 20 ára aldri sem býr á heimilinu.

Með tekjum er í reglugerð þessari átt við allar tekjur skv. II. kafla laga um tekjuskatt samkvæmt skattframtali síðasta árs, staðfestu af ríkisskattstjóra, að teknu tilliti til frádráttar skv. 1., 3., 4. og 5. tölul. A-liðar 1. mgr. og 2. mgr. 30. gr. og frádráttar skv. 31. gr. sömu laga.

3. gr.

Heildareign leigjenda.

Samanlögð heildareign leigjenda íbúða samkvæmt reglugerð þessari að frádregnum heildarskuldu við upphaf leigu, með vísan til 72.–75. gr. laga um tekjuskatt samkvæmt skattframtali síðasta árs, staðfestu af ríkisskattstjóra, skal ekki nema hærri fjárhæð en 6.186.000 kr.

4. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er á grundvelli 3. mgr. 37. gr. og 50. gr. laga um húsnæðismál, nr. 44/1998, öðlast gildi 1. janúar 2021.

Félagsmálaráðuneytimi, 21. desember 2020.

Ásmundur Einar Daðason.

Gunnhildur Gunnarsdóttir.

